

Education at a Glance: OECD Indicators - 2006 Edition

Summary in Icelandic

Menntamál í svipleiftri: menntavísar OECD – útgáfa 2006

Útdráttur á íslensku

Ritið *Education at a Glance* leggur kennurum, skólastjórnendum, stefnumótandi aðilum, nemendum og foreldrum til ríkulegt safn gagna um nokkurn veginn alla meginlega og eigindlega þætti í framkvæmd og stefnu í menntamálum í OECD ríkjunum, auk fjölda ríkja sem ekki eru aðildarríki OECD. Til viðbótar nákvæmum upplýsingum um árangur, fjármagn og aðrar bjargir, þáttökuhlutfall og skipulag skólastarfs er í skýrslunni bent á þær tegundir hlutlægra upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að meta atriði eins og mikilvægi þess að kenna grunnfærni, kjörbakkjarstærð eða lengd skólaársins.

Gæði menntakerfisins skoðuð

Í Áætlun OECD um alþjóðlegt nemendamat (PISA) var geta 15 ára gamalla nemenda í stærðfræði í OECD ríkjum metin. Finnland, Holland og Kórea náðu betri árangri en meðaltal hinna OECD ríkjanna, og eru þau meira en hálfu færnistigi ofar en meðaltalið. Ellefu önnur ríki (Ástralía, Belgía, Danmörk, Frakkland, Ísland, Japan, Kanada, Nýja-Sjáland, Svíþjóð, Sviss og Tékkland) eru fyrir ofan OECD meðaltalið. Austurríki, Írland, Slóvakía og Þýskaland standa sig álíka og OECD meðaltalið og þau 11 sem eftir eru standa sig verr.

Enginn sambærilegur samanburður á getu er til fyrir fyrri kynslóðir, en brautskráningar af ólíkum skólastigum gefa einhverja hugmynd um árangur í menntun. Í OECD ríkjunum hafa að meðaltali 42% fullorðinna aðeins framhaldsskólamenntun. Um 30% fullorðinna hafa aðeins lokið grunnskólanámi og 25% háskólanámi. Samt sem áður er mikill munur milli ríkja hvað varðar dreifingu í menntunartígi íbúanna.

Í síauknum mæli skara ríki í Austur-Asíu fram úr Evrópu og Bandaríkjunum. Ef horft er tvær kynslóðir aftur í tímann þá voru lífskjör í Kóreu svipuð kjörum í Afganistan í dag og Kórea stóð sig hvað lakast með tilliti til menntunar. Í dag hafa 97% allra Kóreubúa á aldrinum 25-34 ára lokið framhaldsskólaprófi og er það hæsta hlutfallið meðal OECD

ríkja. Reynolds Kóreu er ekki einstök. Ef aðeins er litið á árabilið 1995 til 2004 meira en tvöfaldaðist fjöldi nemenda sem sækir háskóla í Kína og Malasíu og fjöldinn jókst um 83% í Tælandi og 51% á Indlandi.

Asía stendur sig líka vel þegar sjónir beinast að gæðum. Í Bandaríkjunum og flestöllum stóru hagkerfunum í Evrópu stóðu 15 ára gamlir nemendur sig álíka eða verr en OECD meðaltalið í PISA rannsókninni. Austur-asísku menntakerfin sex sem tóku þátt í PISA 2003 voru á meðal þeirra 10 sem stóðu sig best, og þeim tekst líka vel upp þegar árangur á öllum stigum er skoðaður. Hins vegar náðu að meðaltali 20% 15 ára nemenda í Evrópusambandinu aðeins stigi 1 (lægsta PISA stigið) eða minna, og meira en fjórðungur í Bandaríkjunum. Almennt eru nemendur í OECD ríkjum sem koma úr fátækustu fjölskyldunum 3,5 sinnum líklegri til að vera á eða undir stigi 1 en þeir sem hafa hagstæðasta bakgrunninn félagslega og efnahagslega.

Bekkarstærð: Minni bekkir eru ekki endilega betri

Niðurstöðurnar sýna ekki beina fylgni milli hlutfalls nemenda á kennara og árangurs. Það eru 30 nemendur eða fleiri í bekk í Japan, Kóreu og Mexíkó, Brasilíu, Ísrael og Chile á móti 20 eða færri í Danmörku, Íslandi, Lúxemborg, Sviss og Rússneska sambandsríkinu. Hins vegar eru t.d. aðeins 2,7% nemenda í Lúxemborg í efsta flokki á mælikvarða PISA í stærðfræði samanborið við 8,2% í Japan.

Samskipti og gagnkvæm áhrif kennara og nemenda mótast einnig af fjölda bekkja eða nemenda sem hver kennari ber ábyrgð á, námsefninu, skiptingu vinnutíma kennarans milli kennslu og annarra skyldustarfa, röðun í bekk og teymiskennslu.

Kynjajafnvægi: Árangur stúlkna er nú betri en árangur pilta

Kynjamunur í námsárangri er að breytast konum í hag. Fyrir aldurshópinn 55-64 ára er meðalárafjöldi í formlegu námi konum í hag í aðeins þremur ríkjum, en fyrir aldurshópinn 25-34 ára er meðalfjöldi lokinna námsára hærri meðal kvenna í 20 af 30 OECD ríkjum, og í aðeins tveimur af ríkjum 10 sem eftir eru (Sviss og Tyrklandi) er munurinn meiri en 0,5 ár körlum í hag.

Hlutfall brautskráninga úr framhaldsskólum hjá stúlkum er hærra en pilta í 19 af 22 OECD ríkjum og einnig í þremur samstarfsríkjanna þar sem hægt er að bera saman heildarútskriftarhlutfall milli kynja. Munurinn stúlkum í hag er meiri en 10 prósentustig í Danmörku, Finnlandi, Írlandi, Íslandi, Noregi, Nýja-Sjálandi, Póllandi, Spáni, og Brasilíu. Í Tyrklandi er útskriftarhlutfall 8 prósentustigum hærra fyrir pilta, en í Kóreu og Sviss er munurinn minni en 1 prósentustig.

Laun og vinnuskylda kennara: Breytileg mynd innan OECD

Laun kennara með a.m.k. 15 ára starfsreynslu á grunnskólastigi sem hlutfall af vergri landsframleiðslu á mann eru lægst í Ungverjalandi (0,91), Íslandi (0,69), Noregi (0,87), Póllandi (0,83) og Ísrael (0,73). Þau eru hæst í Kóreu (2,37 á barnaskólastigi og 2,36 á

unglingastigi), Mexíkó (2,09, unglingsstig) og Tyrklandi (2,44, barnaskólastig). Í almennum bóknámsskólum á framhaldsskólastigi er lægsta hlutfallið að finna í Noregi (0,87), Póllandi (0,83), Íslandi (0,94) og Ísrael (0,73).

Laun kennara með a.m.k. 15 ára reynslu af kennslu á unglingsstigi eru á bilinu u.þ.b. 10.000 bandaríkjadalar í Póllandi til 48.000 bandaríkjadala eða meira í Kóreu, Sviss og Þýskalandi, og fara yfir 80.000 bandaríkjadali í Lúxemborg.

Á árunum 1996-2004 hækkuðu kennaralaun að raunvirði í næstum öllum ríkjum. Þau hækkuðu mest í Finnlandi, Mexíkó og Ungverjalandi. Laun á barnaskólastigi og framhaldsskólastigi á Spáni lækkuðu að raunvirði á sama tíma, en samt haldast þau fyrir ofan meðaltal OECD.

Fjöldi kennslutíma á ári í opinberum skólum er að meðaltali 704, en er breytilegur frá því að vera meira en 1000 í Bandaríkjunum og Mexíkó til 534 í Japan. Jafnframt er verulegur munur á því hvernig kennslutíma er dreift á árið, til dæmis eru kennslustundir kennara á Íslandi fleiri á 36 vikna skólaári en kennara í Danmörku þar sem skólaárið er 42 vikur. Hvað sem því líður þá eru kennslustundir aðeins ein vísbending um vinnuálag kennara en í því felst einnig verulegur tími sem er varið til dæmis í undirbúning og yfirferð eða verkefni sem falla utan námskrár.

Nemendur í OECD ríkjum á aldrinum 7-14 ára fá að meðaltali 6.847 klukkustundir í kennslu og þar af eru 1.570 stundir á aldrinum 7-8 ára; 2.494 stundir 9-11 ára og 2.785 stundir 12-14 ára. Að meðaltali er næstum 50% af lágmarkskennslustundafjölda nemenda á aldrinum 9-11 ára í OECD ríkjunum varið í lestur og ritun, stærðfræði og raungreinar, og 41% hjá nemendum á aldrinum 12-14 ára. Fyrir 9-11 ára er mikill munur milli landa í fjölda kennslustunda sem ætlaðar eru til lesturs og ritunar: frá 13% eða minna í Ástralíu, Ísrael og Chile til 30% í Frakklandi, Hollandi og Mexíkó. Umtalsverður munur er einnig á þeim tíma sem er ætlaður til náms í erlendum tungumálum, frá því að vera 1% eða minna í Ástralíu, Englandi, Japan og Mexíkó til þess að vera 21% í Lúxemborg.

Útgjöld til menntamála: Að meðaltali 5,9% af vergri landsframleiðslu í OECD ríkjum

Útgjöld til menntamála eru að meðaltali 5,9% af vergri landsframleiðslu í OECD ríkjum og sveiflast frá 3,7% í Tyrklandi til 8% á Íslandi. Kostnaður vegna menntunar á hvern nemanda í dæmigerðu OECD ríki eru 5.450 bandaríkjadalar á ári á barnaskólastigi, 6.962 bandaríkjadalar á unglings- og framhaldsskólastigi og 11.254 bandaríkjadalar á háskólastigi. OECD ríkin verja að meðaltali meira en 77.204 bandaríkjadöllum á hvern nemanda meðan á fræðilegri lengd grunnskóla- og framhaldsskólanáms stendur. Heildarkostnaður er frá því að vera minna en 40.000 bandaríkjadalar í Mexíkó, Póllandi, Slóvakíu, Tyrklandi, Brasilíu, Rússneska sambandsríkinu og Chile í 100.000 bandaríkjadali eða meira í Austurríki, Bandaríkjunum, Danmörku, Íslandi, Ítalíu, Lúxemborg, Noregi og Sviss. Á háskólastigi er samanburður vandmeðfarnari af því að þar er fjölbreytilegra námsframboð. Til dæmis eru árlegur kostnaður á háskólanemanda í Japan nokkurn veginn sá sami og í Þýskalandi (11.556 bandaríkjadalar í Japan, 11.594 í Þýskalandi) en meðallengd náms er 5,4 ár í Þýskalandi öndvert við 4,1 ár í Japan. Þannig

er uppsafnaður kostnaður á hvern háskólanemanda aðeins 47.031 bandaríkjadalur í Japan í samanburði við 62.187 bandaríkjadali í Þýskalandi.

Takið eftir að lægri útgjöld leiða ekki endilega til lélegri árangurs. Til dæmis eru útgjöld í Hollandi og Kóreu undir meðallagi OECD fyrir grunnskóla- og framhaldskólastig og samt voru þau lönd bæði meðal þeirra ríkja sem best stóðu sig í PISA könnuninni.

Kostnaður á nemanda á grunn- og framhalds- og viðbótarstigi eftir framhaldsskóla jókst í hverju ríki milli árána 1995 og 2003. Í 16 af 26 OECD ríkjunum og samstarfsríkjum sem gögn eru til um eru breytingarnar yfir 20% og eru 30% eða meira í Ástralíu, Grikklandi, Hollandi, Írlandi, Mexíkó, Portúgal, Póllandi, Slóvakíu, Tyrklandi, Ungverjalandi og Chile. Einu ríkin þar sem aukinn kostnaður vegna nemanda á fyrrgreindum skólastigum er 10% eða minni á sama tíma eru Ítalía, Sviss, Þýskaland og Ísrael. Minnkandi fjöldi innritaðra virðist ekki skipta mestu máli í þessum breytingum.

Mynstrið er öðruvísi á háskólastigi. Í 7 af 27 OECD ríkjum og samstarfsríkjum sem gögn eru til um (Ástralíu, Portúgal, Póllandi, Slóvakíu, Tékklandi, Brasilíu og Ísrael) lækkaði kostnaður á hvern nemanda í háskólanámi á árunum 1995-2003, sem stafaði aðallega af fjölgun nemanda um meira en 30%. Á hinn bóginn jókst kostnaður á hvern nemanda svo um munaði í Grikklandi, Írlandi, Mexíkó, Ungverjalandi og Chile þrátt fyrir aukningu í innritun sem nam 93%, 34%, 48%, 70% og 68% í hverju land fyrir sig. Meðal hinna 27 OECD- og samstarfsríkja voru Austurríki, Danmörk, Ítalía, Holland, Kanada, Tyrkland og Þýskaland einu ríkin þar sem fjöldi háskólanemenda jókst um minna en 10%.

Hver borgar? Ríkisstjórnir borga enn brúsann en einkafjármögnun fer vaxandi

Að meðaltali er greitt fyrir 93% af grunn- og framhaldsskólanámi í OECD ríkjum af almannaþé þótt einkafjármögnun standi straum af meira en 13% í Ástralíu, Bretlandi, Kóreu, Mexíkó, Sviss og Þýskalandi og samstarfsríkinu Chile. Á árunum 1995-2003 var fjöldi þeirra ríkja þar sem aukning varð á hlut hins opinbera á öllum skólastigum sá sami og fjöldi ríkjana þar sem hlutur hins opinbera minnkaði.

Hlutur einkaframtaksins hefur þó aukist alls staðar í háskólamenntun. Hann jókst um meira en 3 prósentustig í helmingi ríkjana sem skila inn gögnum og um meira en 9 prósentustig í Ástralíu, Bretlandi og Ítalíu.

Hlutfall háskólanáms sem er fjármagnað af einkaaðilum er breytilegt og er frá því að vera minna en 5% í Danmörku, Finnlandi, Grikklandi, Noregi og Tyrklandi í meira en 50% í Ástralíu, Bandaríkjunum, Japan, Kóreu og Chile. Megnið af einkafjármögnun kemur frá heimilum, mest með skólagjöldum. Fjórðungur ríkjana innheimtir ekki gjöld og upphæð gjaldanna meðal hinna ríkjana er afar breytileg.

Fjárfesting í menntun: Skilar sér í miklum mæli til hagkerfa og einstaklinga

Menntun er mestmegnis fjármögnuð af opinberu fé og ýmsar rannsóknir sýna fram á að þessu fé sé vel varið. Áætluð langtímaáhrif á efnahagslegan ávinning af einu aukaári í menntun innan OECD landanna er venjulega milli 3% og 6%. Greining á ástæðum hagvaxtarins sýnir að aukin vinnuframleiðni var ástæðan fyrir a.m.k. helmingi vaxtar vergrar landsframleiðslu á mann í flestum OECD ríkjum frá 1994 til 2004. Ekki er allur framleiðnivöxturinn vegna menntunar en rannsókn sem notaði læsi sem mælieiningu fyrir mannaúð sýnir að ríki sem er fært um að ná læsi sínu 1% yfir alþjóðlegt meðaltal mun ná framleiðni og vergri landsframleiðslu á mann sem eru 2,5% og 1,5% stigum hærrí, hvort um sig, en hin ríkin.

Fyrir einstaklinga er menntun líka örugg fjárfesting. Ef við gefum okkur að grunnskóla- og mestallt framhaldsskólanám sé skyldunám snýst „fjárfestingarákvörðunin“ um það fyrst og fremst hvort sækja eigi um áframhaldandi nám. Þrátt fyrir útbreiddar skýrslur um „gráðuverðbólgu“ og gengisfellingu prófgráða getur sú fjárfesting að ná sér í háskólagráðu, þegar tekist er á við hana sem hluta af grunnmenntun, skapað árlega einkaávöxtun (reiknað út með því að bera væntanlegar framtíðartekjur saman við einkaútgjöld vegna námsins) allt að 22,6% þar sem öll ríkin sýna ávöxtunarhlutfall upp á meira en 8%. Það eru líka umtalsverðir óbeinir hagsmunir, og greining í mörgum löndum bendir til jákvæðs orsakasamhengis milli hærri menntunarstöðu og betri andlegrar og líkamlegrar heilsu.

Menntun kemur þó ekki í veg fyrir kynbundinn ójöfnuð í tekjum: á tilteknu menntunarstigi er dæmigert að konur afli aðeins 50% til 80% af því sem karlar afla.

Áhrif lýðfræðilegra breytinga

Í 23 af OECD ríkjunum 30 ásamt Chile mun nemendafjöldi í skyldunámi óhjákvæmilega dragast saman á næstu 10 árum. Þessi þróun er afdrifaríkust í Kóreu þar sem áætlað er að íbúafjöldi á aldrinum 5-14 ára dragist saman um 29%. Fyrir hópinn sem er 15-19 ára er leitnin niður á við áætluð um 30% eða meira í Póllandi, Slóvakíu, Tékklandi og Rússneska sambandsríkinu.

Í sumum ríkjum hefur samdrátturinn orðið fyrr. Á Spáni mun íbúum á aldrinum 20-29 ára fyrirsjáanlega fækka um 34% á næstu 10 árum.

Sé gert ráð fyrir að þáttökuhlutfall og hlutfall kostnaðar á nemanda haldist á núverandi stigi, felur mannfjöldapróun í sér minnkandi útgjöld til menntunar í öllum OECD ríkjum nema fjórum og Chile að auki, verða að öllum líkindum fleiri möguleikar til að auka þáttökuhlutfall eða kostnað á nemanda í þessum ríkjum. Aftur á móti benda mannfjöldaspár fyrir Bandaríkin til tiltölulega mikils vaxtar á næsta áratug sem kann að þýða þrýsting á fjármögnun.

© OECD 2006

Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

Fjöltýngdir útdrættir eru þýdd ágríp af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.

Þeir eru fánlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD
www.oecd.org/bookshop/

F Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf.

rights@oecd.org

Fax: +33 (0)1 45 24 99 30

OECD Rights and Translation unit (PAC)
2 rue André-Pascal
75116 Paris
France

Heimsækið vefsíðu okkar www.oecd.org/rights/

